

Fagráð í hrossarækt

87. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, mánudaginn 28. janúar 2019 kl. 13:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson og Þorvaldur Kristjánsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
 2. Þróun kynbótamatsins
 3. Vægistuðlar eiginleikanna - umræða
1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólki velkomið. Elsa Albertsdóttir var gestur fundarins og fór yfir þróun kynbótamats í hrossarækt.
 2. Þróun kynbótamats í hrossarækt.

Elsa fór yfir verkefnið í heild sinni en það hefur gengið hægar en vonir stóðu til. Í fyrsta lagi er ætlunin að nýta ákveðin keppnisgögn í kynbótamatinu og birta kynbótamat hrossa fyrir árangur í tölta, fjórgangsgreinum, fimmgangsgreinum og skeiðgreinum. Eingöngu verða nýttar niðurstöður úr fullorðinsflokkum. Hvað íþróttagreinar varðar verða eingöngu nýttar dómaniðurstöður frá World ranking mótum eða mótum sem uppfylla þau skilyrði að vera með 5 dómara. Þá verða nýttar niðurstöður frá gæðingakeppni í A og B flokki; á Landsmótum og Fjórðungsmótum en einnig félagsmótum hestamannafélaganna. Það þarf að tryggja að lesið sé af örmerki keppnishrossanna og einnig að öllum reglum sé fylgt á þeim mótum sem eru nýtt til útreikninganna. Þetta þarf að tryggja með samstarfi við Landsamband hestamannafélaga. Þessi hluti verkefnisins hefur verið afar tímafrekur hvað það varðar að vinsa úr gögnum í WorldFeng þau mót sem hægt er að nota en núna eru settar inn í WorldFeng dómaniðurstöður sem ekki er ætlunin að nota til framtíðar við kynbótamatsútreikninga. Það var niðurstaða fundarins að í framtíðinni verði eingöngu birt í WorldFeng keppnisniðurstöður sem verða nýttar í kynbótamatsútreikninga. Það er eina leiðin til að raunhæft sé að nota keppnisniðurstöður en það má ekki vera mjög tímafrekt til framtíðar að koma þessum upplýsingum á það form að hægt sé að nota þær við kynbótamatskeyrslurnar. Engu að síður verður sett upp tenging í WorldFeng yfir í SportFeng þannig að aðrar keppnisniðurstöður verði fólki aðgengilegar.

Þá er ætlunin að mæting til dóms verði skilgreind sem sér eiginleiki. Þessi eiginleiki hefur fremur hátt arfgengi og hann hefur háa erfðafylgni við metna eiginleika í kynbótadómi. Að bæta við þessum eiginleika í kynbótamats útreikningana mun gefa færi á því að leiðrétta fyrir misháu hlutfalli afkvæma sem skila sér til dóms undan afkvæmahrossum og mun því hafa áhrif á kynbótamat þeirra. Mæting til dóms er í raun 0/1 eiginleiki þar sem öll hross sem koma til dóms fá 1 og hryssur sem eru orðnar sex vetra og ekki enn komnar til dóms fá 0 – önnur hross eru með vöntun á upplýsingum þangað til annað kemur í ljós. Þessi eiginleiki mun því fyrsta kastið vera miðaður að hryssum og miðast við sex vetra aldur þeirra. Þessi viðbót gefur færi á

betri samanburði á milli afkvæmahrossa (sérstaklega stóðhestanna) þar sem tekið verður tillit til eins og hægt er hvert hlutfall dæmdra afkvæma er. Það var niðurstaða fundarins að þetta væri verðmæt viðbót við núverandi kerfi.

Breyting á kynbótamati fyrir skeið; CA og CC hross geta ekki skeiðað og eru því með 5.0 fyrir skeið í kynbótadómi, þessar upplýsingar verða ekki nýttar á sama hátt þar sem dómar þessara hrossa fyrir skeið verða meðhöndlaðir sem vöntun á upplýsingum og kynbótagildi þessara hrossa fyrir skeið verður þá eingöngu metið út frá upplýsingum frá forfeðrum og afkvæmum. Það er réttara að gera þetta svona þar sem þessi hross geta ekki skeiðað vegna arfgerðar (CA/CC) en búa yfir öðrum erfðavísnum sem hafa jákvæð og/eða neikvæð áhrif á kynbótagildi þeirra fyrir skeiði.

Að lokum var rætt um kynbótamat fyrir fjórgangseinkunn. Eins og kemur fram að neðan hefur verið rætt um að reikna sérstaka fjórgangseinkunn fyrir öll hross sem koma til dóms til viðbótar við núverandi aðaleinkunn. Þá verður vægi skeiðs dreift hlutfallslega yfir á aðra eiginleika hæfileikanna. Áhugavert verður að skoða hvaða afkvæmahross raðast hæst í þessari einkunn og hvaða hópur þetta er og hvort hann er frábrugðin þeim hópi hrossa sem raðast efst í kynbótamatinu eins og er. Þetta mun gefa færi á því að verðlauna afkvæmahross einnig á grunni fjórgangseinkunnar.

Elsa mun vinna áfram að þessu verkefni í ár en stefnan er að kynna nýtt kynbótamat sem fyrst á þessu ári þannig að ræktendur geti áttað sig vel á því hvaða áhrif þessar breytingar hafa á röðun hrossa. Einnig þarf fagråd að velta fyrir sér hvaða áhrif þessar breytingar hafa á verðlaunun afkvæmahrossa hvað lágörk um stig í kynbótamatinu og jafnvel fjölda afkvæma til verðlaunanna varðar.

3. Vægistuðlar eiginleika kynbótadómsins í aðaleinkunn.

Þá voru ræddar hugmyndir um breytt vægi eiginleikanna í aðaleinkunn. Hugmyndin er að þróa vægistuðla eiginleikanna og þessar breytingar verði hluti af þróun og breytingum á ræktunarmarkmiðinu og dómskalanum sem fagråd hefur unnið að undanfarið.

Helstu breytingar sem hugmyndin felur í sér er að leggja meiri áherslu á ganghæfni hrossanna og fjölhæfni þeirra en einnig auka vægi yfirlínunnar (baks og lendar) í aðaleinkunn. Leiðin til að auka áherslu á fjölhæfni hrossanna er að auka vægi grunnangtegundanna í aðaleinkunn en þá um leið skilja betur á milli hrossa sem eru jafnvíg á gangi og þeirra sem eru mistækari. Ein leið til þess er að hækka heildarvægi kostanna í aðaleinkunn og hérna er lagt til að hækka vægi þeirra úr 60% í 65% og að sköpulagið vegi þá 35%. Ganghæfni hestsins er veigamesti þáttur hans en að færa vægi af byggingunni yfir á hæfileikana gefur einnig meira færi á því að hækka vægi grunnangtegundanna; vægi þeirra er í núverandi kerfi samtals 16% en yrði samtals 22% í sviðsmyndinni að neðan. Þá hafa einnig náðst miklar framfarir í því að bæta útlit hestsins á undanförunum árum.

Sköpulagið

Hugmyndin gengur sem sagt út á að lækka heildarvægi sköpulagsins um 5%. Hvað sköpulagið varðar sýndi rannsókn sem var framkvæmd fyrir nokkrum árum á sambandi byggingar og ganghæfni fram á jákvæð áhrif framhæðar í byggingunni og sterkrar yfirlínu á allar gangtegundir. En sterk yfirlína í hálsi og baki og lend hefur afar mikið með það að segja hversu sjálfberandi, jafnvægisgóður og aðgengilegur hesturinn er. Þetta endurspeglast vonandi nægilega vel í nýjum dómskala fyrir

bygginguna en kallar einnig á endurskoðun á vægi baks og lendar í aðaleinkunn þar sem vægi þessa eiginleika er afar lágt í dag, eða 3%. Hugmyndin er að hækka vægi eiginleikans í 5%. Ástæðan fyrir lágu vægi þessa eiginleika var óvissa fyrir því hvernig ætti að meta eiginleikann. Í ljósi fyrrgreindrar rannsóknar erum við að dæma bak og lend á annan hátt í dag og höfum betri þekkingu á því hvað beri að verðlauna. Þó við höfum náð góðum árangri í að bæta sköpulag hestsins er enn verk að vinna í því bæta yfirlínu hestsins; burð í baki til dæmis. Mesta áherslan í þessari sviðsmynd er því á lykil eiginleikana hvað ganghæfnina varðar: háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Þeir hafa í núverandi kerfi samtals 20,5% vægi en hafa í þessari hugmynd 20% vægi, svo heildarvægi þeirra myndi lækka afar lítið og þeir hefðu í raun hlutfallslega hærra vægi eftir breytinguna. Til að mögulegt sé að hækka vægi baks og lendar og færa vægi af byggingu yfir á reiðhestskostina þyrfti að lækka vægi höfuðs, fótagerðar, réttleika og hófa um 1-2% hver. Af eiginleikum fótagerð, réttleiki og hófar er hæst vægi á hófum í þessari hugmynd. Fyrir utan sterka tengingu hófa við nýtingu hestsins, þá hafa þeir hafa einnig hæsta erfðafylgni þessara eiginleika við ganghæfni og keppnisárangur (39-52%) sem gefur líklega vísbendingu um tengsl hófa við endingu hrossa þar sem eldri hross eru að taka þátt í keppni heldur en kynbótadómi.

Hvað fótagerð og réttleika varðar þá verðum við að gera meiri rannsóknir í framtíðinni á þessum eiginleikum og tengslum þeirra við heilsu og endingu. Það verður að kanna möguleikann á því að nota gögn frá dýralæknum til að byggja úrval á (og spurning hvort þannig gögn gefi okkur ekki möguleika á að velja fyrir heilsu og endingu á beinskeyttari hátt) en sannarlega er nauðsynlegt að leggja áherslu á þessa eiginleika og viðhalda og bæta heilsu hestsins og endingu. Með því að lækka lítillaga vægi þessara eiginleika í aðaleinkunn erum við ekki að gera minna úr mikilvægi þeirra, þeir eru að sjálfsögðu áfram innifaldir í ræktunarmarkmiðinu og matinu sjálfu og við höldum áfram að gefa ræktendum bestu mögulegu upplýsingar um þá.

Hvað varðar vægi á höfði og þrúðleika. Mat á höfði er að mestu fegurðarmat og þó við viljum sannarlega leggja ákveðna áherslu á fríðleika stofnsins þá eru rök fyrir því að þessi eiginleiki eigi ekki að hafa hátt vægi og vera meira til upplýsingar. Það sama á við að mörgu leyti um þrúðleikann, þó hann hafi töluvert að segja um markaðsgildi hestsins en hugmyndin er að hækka vægi þrúðleika lítillaga (úr 1,5% í 2%). Það eru rök fyrir því að þessir eiginleikar vegi jafnt og í þessari hugmynd vega þeir báðir 2%.

Hæfileikar

Hvað hæfileikana varðar er hugmyndin að auka áherslu á fjölhæfni hrossanna og auka vægi grunnangtegundanna í aðaleinkunn. Rökin fyrir því að hækka vægi grunnangtegundanna eru þau að fjölhæf hross eru verðmætustu hrossin og einnig er það vissulega ræktunarmarkmiðið að bæta allar gangtegundir hestsins og sker íslenski hesturinn sig frá mörgum öðrum ganghestum að þessu leyti. Þessi hækkun tekur einnig mið af þróun í reiðmennsku og þjálfun hestsins, þar sem t.d. hægt stökk hefur verið að skipa markvissari sess í uppbyggingu hestsins. Í þessari útfærslu er vægi grunnangtegundanna aukið samtals um 6%. Vægi grunnangtegundanna er í núverandi kerfi samtals 16% en yrði 22% eins og fyrr segir.

Hvað grunnangtegundirnar varðar þá er hugmyndin að skipta hægu stökki og stökki í tvo eiginleika með sitt hvort vægið þar sem hægt stökk vegur meira. Stefnan er sú að leggja meiri áherslu á gæði hestsins á hægu, hvort sem það er tölt, brokk eða stökk. Hvað töltið varðar er hægt (og líklega betri leið) að leggja meiri áherslu á gæði á hægu tölti í gegnum dómskalann þar sem meiri kröfur eru gerðar til hæga töltsins við einkunnagjöfina. Þar er skýrt ræktunarmarkmið hestur sem býr yfir gæðum á öllum

hraðastigum. Þetta er því talin betri leið en sú að skilgreina hægt tölt sem sér eiginleika með sér vægi en með því að gera ákveðnar kröfur til gæða á hægu tölti við einkunnagjöfina er í raun búið að gefa hæga töltinu vægi í aðaleinkunn. Varðandi stökk er aðgengilegt að skilgreina hægt stökk og stökk sem tvo eiginleika þar sem um tvær gangtegundir er í raun að ræða, þrítakta hægt stökk og fjórtakta hratt stökk og er talað um þetta sem tvær gangtegundir í mörgum löndum. Hugmyndin er að skapa réttari upplýsingar, ekki síst fyrir kynbótamatið þar sem hestur í dag getur til dæmis verið með 8.0 fyrir stökk en einungis 7.0 fyrir hægt stökk en það er 8.0 fyrir stökk sem telur inn í aðaleinkunn hestsins og myndar þar með aðaleinkunn kynbótamats. Hægt stökk er miklu meira notuð gangtegund í þjálfun og einnig í keppni. Hratt stökk er að sjálfsögðu notað í þjálfun hestsins og í gæðingakeppni en spurning er hvort að sýning á hröðu stökki hafi ekki að mörgu leyti meira upplýsingagildi en praktískt gildi þar sem hratt stökk segir til um burð í baki, léttleika og líkamsbeitingu hestsins og vilja hans. Við þessa breytingu er þá betra að tala um hægt stökk annars vegar og greitt stökk hins vegar. Einnig er lagt til að hækka vægi fetsins. Það er mikilvæg gangtegund á svo margan hátt, fyrir utan að skera úr um það að mörgu leyti hvort hesturinn nýtist í keppni eða ekki. Allar æfingar eru kenndar á feti og er grunnur undir aðrar gangtegundir. Einnig hefur það mikið með solumöguleika hestsins að segja, í hvaða hlutverk sem hesturinn er ætlaður, að hesturinn geti fetað slakur.

Töltið verður alltaf að hafa hæst vægi eiginleikanna enda lykil eiginleiki í íslenska hrossastofninum. Það er spurning hvort við þessa breytingu sé hyggilegt að setja 1% á töltið þannig að það skeri sig áfram mest úr. Vægi á fegurð í reið er óbreytt, eða 10%, enda afar verðmætur eiginleiki sem sést vel í þeirri háu erfðafylgni sem hann hefur við keppnisárangur. Þá er vægi á vilja og geðslagi lækkað um 2%. Það er að sjálfsögðu einn mikilvægasti eiginleikinn í hestinum en jafnframt sá sem erfiðast er að meta með öryggi. Með því að hækka vægi á feti er einnig lögð meiri áhersla á getu hestsins til slökunar sem er einn mikilvægasti þáttur geðslagsins.

Hugmyndina að breyttum vægistuðlum sem ætlunin er að kynna í vetur, bæði hjá FEIF og einnig fundarröð á Íslandi, má sjá í töflunni hérna að neðan, ásamt núverandi vægistuðlum:

Vægi einstakra eiginleika í %:

Eiginleiki:	Núverandi:	Hugmynd:	Eiginleiki:	Núverandi:	Hugmynd:
Höfuð	3	2	Tölt	15	16
Háls, herðar og bógar	10	8	Brokk	7,5	9
Bak og lend	3	5	Skeið	10	10
Samræmi	7,5	7	Hægt stökk	-	4
Fótagerð	6	4	Greitt stökk	4,5	3
Réttleiki	3	2	Vilji/Geðslag	9	7
Hófar	6	5	Fegurð í reið	10	10
Prúðleiki	1,5	2	Fet	4	6
Samtals	40	35	Samtals	60	65

Fjórðgangs aðaleinkunn:

Þá er hugmyndin að reikna út sérstaklega fjórðangseinkunn fyrir öll hross þar sem vægi skeiðs er tekið úr útreikningi á aðaleinkunn og dreift hlutfallslega út á aðra eiginleika hæfileikanna. Þetta er gert til þess að bæta við áhugaverðum og verðmætum samanburði á öllum hrossum hvort sem þau búa yfir fjórum eða fimm gangtegundum. Þetta lyftir upp góðum og úrvals klárhrossum með tölti en hefur einnig jákvæð áhrif á stöðu jafnvígra alhliða hrossa. Einnig mun þetta að öllum líkindum hafa jákvæð áhrif á mætingu til dóms (t.d. verða klárhross með 8,0-8,5 fyrir alla þætti hæfileikanna líklegri til að vera sýnd). Að lokum og ekki síst gefur þetta færi á því að reikna kynbótamat á fjórðangseinkunn og verðlauna afkvæmahross á þessum grunni; afkvæmahross sem eru að gefa úrvals klárhross með tölti en fá alhliða hross en það eru ekkert síður verðmætir gripir til ræktunar.

Þessi hugmynd um fjórðangseinkunn kallar einnig á þælingar með ræktunartakmarkið. Er ræktunarmarkmiðið eingöngu alhliða hestur eða einnig úrvals klárhestur með tölti – úrvals ganghestur eins og það er orðað í almennu ræktunarmarkmiðunum sem eru í bígerð. Ég tel það og þekkingin á skeiðgeninu og erfðum ganghæfninnar segir okkur að sum klárhrossin (CA hross) eru og munu gefa okkur úrvals fjórðgangs- og fimmgangshross. Við erum að sjálfsögðu að rækta ganghest og allir vilja að ræktunargripir búi yfir úrvals tölti en hross sem býr yfir fjórum úrvals gangtegundum er úrvals ræktunargripur.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:00

Við pennann: Þorvaldur Kri14.315 kr. fyrir utan vsk., samtals 17.750 krstjánsson